

# Skýrsla nefndar um landsliðsmál til stjórnar Skáksambands Íslands

8. maí 2013

Jón Þorvaldsson

Kristján Guðmundsson

Andrea Margrét Gunnarsdóttir

Steinþór Baldursson

Þorsteinn Stefánsson

Þorsteinn Þorsteinsson

## I. Inngangur

Á lokaspretti undirbúnings íslenska karlalandsliðsins í skák fyrir Ólympíuskákmótið 2012 kom fram ágreiningur sem leiddi til breytinga á skipan liðsins rétt fyrir brottför. Atburðarás þessi hafði að vonum áhrif á alla sem að komu og vakti athygli út fyrir raðir skákhreyfingarinnar. Málið fór fyrir dómstól Skáksambands Íslands (SÍ) og fylgir úrskurður dómstólsins (*sjá viðauka 1*).

Stjórn SÍ skipaði nefnd til að fara yfir þessi mál. Samkvæmt erindisbréfi var nefndinni ætlað að fara yfir þau atvik sem áttu sér stað í aðdraganda Ólympíuskákmótsins, skoða breytingarnar sem fylgdu í kjölfarið og velta því upp hvernig helst mætti reyna að fyrirbyggja að slíkt endurtæki sig (*sjá viðauka 2*).

## II. Nefndin

Nefndin var þannig skipuð:

- Jón Þorvaldsson, formaður
- Kristján Guðmundsson, varaformaður
- Andrea Margrét Gunnarsdóttir, ritari
- Steinn Baldursson
- Þorsteinn Stefánsson
- Þorsteinn Þorsteinsson

Verklagi nefndarinnar var þannig háttað að farið var yfir málavexti í aðdraganda ÓL 2012 og hvað hefði farið úrskreiðis, meðal annars með hliðsjón af undirbúningi og þátttöku landsliðsins á árum áður. Nefndarmenn ræddu við landsliðsmenn og fleiri aðila, meðal annars í því skyni að meta hvaða lærdóm mætti draga af fortíðinni, en þó fyrst og fremst til að komast að því hvernig viðmælendur sæju fyrir sér fyrirkomulag landsliðsmála í framtíðinni. Farið var yfir hvaða þættir skiptu mestu við að byggja upp sterka liðsheild og hvaða tilhögun væri vænlegust við val á liðinu. Rætt var hvort landsliðspjálfi ætti að vera einvaldur við val á landsliði eða hvort landsliðsnefnd ætti að annast valið, hversu gegnsætt valið ætti að vera og hvaða mælistikur væru gagnlegar, svo sem skákstig, skákiðkun og mæting á landsliðsæfingar ásamt því hvernig einstaklingar samlöguðust liðsheildinni.

Nefndarmenn töldu ekki eðlilegt að vinna að málum samhliða rannsókn Skákdómstóls SÍ og tók nefndin því ekki til starfa fyrr en niðurstaða dómstólsins lá fyrir. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 22. nóvember 2012. Nefndin hélt alls fimm fundi, auk þess sem unnið var á milli funda. Við störf sín studdist nefndin meðal annars við 15. grein skáklaga (*sjá viðauka 3*). Einnig var kannað hvort einhver rammi væri utan um störf landsliðsnefndar. Svo reyndist ekki vera og er þar úrbóta þörf.

## III. Forsendur þátttöku skáklandsliða í stórmótum

Í fyrsta lagi telur nefndin eðlilegt að staldra við og spyrja: „Hver er tilgangurinn með þátttöku skáklandsliða Íslands í alþjóðlegum viðburðum á borð við Ólympíuleikana?“ „Er yfir höfuð ástæða til að taka þátt í slíkum mótum?“ Helgast þátttakan af því að um sé að ræða einstakt

tækifæri fyrir okkar fremstu skákmenn til að etja kappi við öfluga andstæðinga víðs vegar að úr heiminum?“ „Er grunnhugsunin einhvers konar þjóðlegur metnaður eða er tilgangurinn fyrst og fremst að efla tengsl undir formerkjunum Gens Una Sumus?“ „Er þátttakan kannski liður í því að horfa heildstætt á hagsmuni íslenskrar skákhreyfingar sem lifandi hluta af alþjóðaskáksamfélaginu og styðja þannig m.a. við alþjóðlega viðburði hér á landi?“

Markmiðssetning er mikilvæg í íþróttum. Lítum á nokkur möguleg markmið:

1. Keppa að verðlaunasæti. Óraunhæft. Hér er elóstyrkur landsliða einfalt viðmið.
2. Ná því að vera í einu af efstu 5-10 sætunum. Óraunhæft. Þó að skáklandslið karla hafi nokkrum sinnum náð svo glæsilegum árangri fyrr á árum, er slíkt markmið of fjarlæg.
3. Ná besta árangri sem íslenskt landslið hefur nokkru sinni náð. Óraunhæft. Sjá nr. 2.
4. Ná betri árangri en meðalstig liðsins segja til um. Raunhæft.
5. Ná betri árangri en síðast. Raunhæft.
6. Ná bestum árangri Norðurlandabjóða. Raunhæft.
7. Stilla upp besta mögulega landsliði Íslands. Raunhæft.
8. Veita efnilegum skákmönnum mikilvæga reynslu við krefjandi aðstæður. Raunhæft.
9. Vera landi og þjóð til sóma. Raunhæft.

Markmið nr. 8 snertir afreksstefnu SÍ að því leyti hvort líta eigi á alla þá skákmenn sem vinna ötullega að eflingu skákgetu sinnar sem efnilega, burtséð frá aldri, eða hvort eingöngu eigi að horfa til ungra skákmanna.

Vert er að minna sérstaklega á að markmið nr. 9 á alltaf við varðandi framkomu og hegðun. Þeir sem eru þess heiðurs aðnjótandi að keppa fyrir hönd þjóðar sinnar eru alltaf merkisberar ímyndar lands síns og íþróttar, jafnt á keppnisstað sem utan hans.

Margt þarf að leggjast á eitt til þess að sem bestum árangri verði náð:

1. *Grunnstyrkur skákmanna og leikform*
2. *Þjálfun og sérhæfður undirbúningur*
3. *Metnaður til að ná árangri*
4. *Góður liðsandi og stemning*

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi grunnstyrks, leikforms og þjálfunar. Sérhæfður undirbúningur er mjög veigamikil atriði, m.a. með hliðsjón af notkun nýjustu skákforrita og gagnagrunna. Þó að skákin sé í eðli sínu einstaklingsíþrótt eru metnaður og góður liðsandi þættir sem alls ekki má vanmeta. Þar má til dæmis benda á hlutverk liðsanda og samheldni armenska landsliðisins í frábærum árangri þess á Ólympíuskákmótum í seinni tíð. Jafnframt kemur glögg fram í viðtölum við íslensku landsliðsmennina hve miklu það skiptir þá að andinn í hópnum sé góður, ekki síst þegar á hólminn er komið, og að óvæntar upppákomur trufli ekki einbeitinguna.

#### IV. Aðferðafræði við val á landsliði

Þegar horft er heildstætt á aðferðafræði við val á landsliðinu er ljóst að tvö meginsjónarmið vegast á:

1) Geta viðkomandi einstaklings í skák

Þetta er spurning um almenna kunnáttu í skák, markvissa þjálfun, leikform, andlegt og líkamlegt ástand viðkomandi einstaklings og vilja hans til að leggja sig fram og ná árangri, burtséð frá því hvernig hann fellur inn í liðið.

2) Geta viðkomandi einstaklings til að vera góður liðsmaður

Þetta er spurning um almenna samskiptahæfni, getu til að falla inn í hópinn og skapa góða stemningu, vera opinn fyrir leiðbeiningum annarra, getu og vilja til að miðla öðrum af þekkingu sinni, hæfni til að taka tillit til liðsfélaga sinna eða verka hvetjandi á þá með einum eða öðrum hætti.

Öllum má vera ljóst að þessir tveir grunnþættir fara alls ekki alltaf saman í einum og sama einstaklingnum. Alkunna er að snilligáfa í skák hefur enga sérstaka fylgni við hæfni í mannlegum samskiptum, frekar en snilligáfa á öðrum sviðum.

Hvernig snúa þessir þættir að þeim sem velja liðsmenn í landsliðið? Ljóst er t.d. að ef hér á landi kæmi fram nýr Fischer eða Carlsen væri flest til vinnandi að hafa þann einstakling í landsliðinu, jafnvel þótt sá hinn sami væri ekki allra í samskiptum.

Að sama skapi gæti t.d. verið freistandi að velja í liðið sterkan skákmann sem hefði einstaklega góð og hvetjandi áhrif á félag sína og væri sjálfkjörinn sem fyrirliði hópsins á þeim forsendum.

#### V. Niðurstaða

1. Hverja á að velja í liðið?

Að mati nefndarinnar er það frumforsenda farsællar skipunar mála til framtíðar að stjórn Skáksambands Íslands skerpi á afreksstefnu sinni og setji sér skýr markmið varðandi þátttöku landsliðsins í stórmótum. Val á liðsmönnum hlýtur að eiga að mótast af slíkri stefnu og markmiðum. Jafnframt er þeim tilmælum beint til stjórnar SÍ að skert verði á keppnis- og agareglum þannig að keppendur þurfi ekki að velkjast í vafa um hvaða reglum og verklagi þeim beri að hlíta fyrir mót og meðan á móti stendur. Sama gildir um þær kvaðir sem lagðar eru á herðar keppenda varðandi þátttöku í fjáröflun o.s.frv. en vert er að benda á að óráðlegt er að landsliðið standi í slíku rétt fyrir brottför.

Ef velja á sterkustu skákmenn þjóðarinnar í liðið hverju sinni, er nærtækast að horfa til alþjóðlegra skákstiga. Þá er hugmyndin sú að skákmenn velji sig að stærstum hluta sjálfir inn í landsliðið með árangri sínum. Beint liggur við að velja virka skákmenn en skilgreiningin er víðtækari. Þetta sjónarmið kallar einnig á markvissa viðleitni til að laða stigaháa en lítt virka meistara til leiks á ný. Fyrirvarinn verður þá að vera góður

þannig að þeim sem svara kallinu gefist kostur á að koma sér í næga þjálfun. Annað sjónarmið er svo að velja skákmenn sem eru í örri framför og mjög góðri æfingu. Hér má setja einföld, hlutlæg viðmið, t.d. þar sem horft væri að hluta til á hæstu alþjóðleg skákstig sem viðkomandi einstaklingur hefur náð, að hluta til á núverandi alþjóðleg skákstig hans og að hluta til á virkni og framvindu á ferli hans undanfarin misseri („rating progress“).

Hins vegar má alls ekki loka augunum fyrir félagslega þættinum. Ef líkur eru á að viðkomandi einstaklingur rekist illa í liði eða geti jafnvel haft truflandi áhrif á liðsfélaga sína með einhverjum hætti, og ef ekki nægir að benda honum á keppnis- og agareglur SÍ, verður að taka á slíkum vanda tímanlega, faglega og af festu:

- a) *með því að fagmaður vinni sérstaklega í málum áður en haldið er til keppni*
- b) *með því að fagleg aðstoð verði einnig veitt meðan á mótinu stendur.*

Fagleg aðstoð kostar fjármuni og því er ljóst að fjárhagslegur styrkur SÍ getur verið takmarkandi þáttur í þeim kostum sem bjóðast við val á landsliði.

## 2. Hver á að velja liðið?

Að mati nefndarinnar hefur hvort tveggja sína kosti og galla að láta landsliðseinvald um val á skáklandsliðinu eða landsliðsnefnd. Sem fyrr er mikilvægt að tryggja umgjörð landsliðsins sem best, í samræmi við sett markmið stjórnar SÍ, en jafnframt að skerpa ábyrgð og búa í haginn fyrir skjóta ákvörðunartöku ef óvæntar aðstæður koma upp. Til að svo megi vera telur nefndin vænlegra að landsliðseinvaldur, skipaður af stjórn SÍ, hafi fullt umboð til að velja í liðið hverju sinni. Þetta kallar á breytingar á 15. grein skáklaga. Eðlilegt er þó að setja þann varnagla að stjórn SÍ geti ákveðið að landsliðsnefnd velji liðið eins og nú er - komi sú staða upp að enginn hæfur einstaklingur finnst til að gegna stöðu einvalds eða mjög skiptar skoðanir séu um þá eða þann sem kemur til greina innan væntanlegs landsliðs. Jafnframt virðist eðlilegt að stjórn SÍ, líkt og t.d. stjórn KSÍ, sé í sjálfsvald sett hvort staða landsliðseinvalds er auglýst eða valin í lokuðu ferli.

Þó svo að landsliðsþjálfari hafi fullt vald til að velja í liðið í samræmi við sett markmið stjórnar SÍ, þarf hann að skila inn vali sínu til stjórnar SÍ áður en hann birtir það og stjórn SÍ ber að staðfesta að þar sé farið að settum markmiðum og lögum sambandsins. Landsliðseinvaldur stendur og fellur með ákvörðun sinni. Störf hans skulu metin af landsliðsnefnd eftir þátttöku í hverju stórmóti fyrir sig, m.a. á grundvelli árangurs landsliðsins og umsagnar landsliðsmanna um störf hans. Mikilvægt er að einvaldurinn njóti í senn öflugs fulltingis við sín störf og eðlilegs aðhalds til að tryggja gegnsæi í vinnubrögðum.

Stjórn Skáksambandsins tryggir landsliðseinvaldinum góðan bakstuðning og ákjósanlegt er að um sé að ræða launað starf ef fjárhagur sambandsins leyfir. Einvaldurinn þarf að velja með sér aðstoðarteymi til að byggja liðið upp og undirbúa fyrir mót. Aðstoðarteymi við landslið má byggja upp með ýmsum hætti, t.d. með því að mynda tveggja manna teymi landsliðsmanns og aðstoðarmanns sem m.a. aðstoðar við gagnavinnslu bæði fyrir mót og meðan á móti stendur, t.d. í gegnum netið.

Yfirumsjón og skipulagning á þjálfun landsliðsins verður í höndum landsliðs-einvaldsins. Leitast skal við að þjálfun liðsmanna fari fram með reglubundnum hætti yfir allt árið og þar geta æfingabúðir komið að góðu gagni. Vert er að taka fram í þessu sambandi að skoðanir landsliðsmanna á tilhögun þjálfunar fyrir stórmót eru mismunandi.

Um hver áramót er tilkynnt forval þeirra 10-12 skákmanna sem kost eiga á því að vera í liðinu næsta ár, auk þess sem skákmeistari Íslands skal ávallt eiga sæti í landsliði Íslands skv. 15. grein eins og hún er nú. Sami háttur yrði hafður á um kvennalandslíð Íslands. Endanlegt val í landslið fyrir keppni skal liggja fyrir þremur mánuðum fyrir brottför hverju sinni.

### 3. Hlutverk landsliðsnefndar

Nefndin bendir á mikilvægi þess að tryggja betur sjálfstæði landsliðsnefndar, ekki síst til að koma í veg fyrir að sömu aðilar sitji ekki alls staðar við borðið, við framkvæmd og eftirlit. Hér bendir nefndin á ýmsar leiðir. Hér mætti sem dæmi breyta reglum um landsliðsnefnd þannig að bundið verði í lög að meirihluti nefndarinnar, þ.m.t. formaður, sé ekki í stjórn SI. Einnig kæmi vel til greina að viðhafa þann hátt að landsliðsnefnd sé valin á aðalfundi SÍ en ekki af stjórn SÍ.

Nefndin stingur upp á því að hlutverk landsliðsnefndar sé í aðalatriðum þrípætt:

- a) að taka út störf landsliðseinvaldsins, meðal annars á grundvelli árangurs og umsagnar landsliðsmanna, og skila því mati til stjórnar SÍ.
- b) að skipa aðstoðarmann með skákþekkingu sem vinnur með liðinu og fer út með því. Þessi einstaklingur þarf að mati nefndarinnar að vera fær í mannlegum samskiptum og vera glöggskyggn á félagslega og sálræna þætti samstarfs til að tryggja góða liðsheild og efla einbeitingu að settum markmiðum. Þetta var í raun og veru hlutverk Gunnars Eyjólfssonar á sínum tíma sem gerði gríðarlega mikið fyrir liðið og átti stóran hlut í góðum árangri þess, t.d. 1990 og 1992. Aðstoðarmaðurinn þarf góða leiðtoga- og skipulagshæfileika, vera röggssamur og reiðubúinn að taka af skarið til að leysa úr málum sem upp kunna að koma. Aðstoðarmaður skal aðstoða landsliðsþjálfara og tryggja upplýsingaflæði til liðsins, bæði fyrir brottför og á mótssstað.
- c) ef upp kemur mjög flókinn ágreiningur sem landsliðseinvaldur / landsliðsþjálfari og aðstoðarmaður / liðsstjóri telja sig ekki geta leyst ber þeim að vísa erindinu til landsliðsnefndar. Telji landsliðsnefnd sér ókleift að leysa málið, ber henni að senda það til forseta SÍ, sem kallar saman stjórn til að taka á vandanum.

## VI. Lokaorð

Nefndin harmar þá atburðarás sem upp kom í aðdraganda Ólympíumótsins 2012 og varðaði liðsskipan landsliðs karla. Einstaklingur varð fyrir skaða, stór orð féllu, skoðanaskipti voru hávær og upp komu flokkadrættir innan skákhreyfingarinnar. Ljóst er að þar var hrundið af stað ferli sem síst var til þess fallið að efla sveitina í skáklegum eða félagslegum skilningi.

Hvernig sem á málið er litið, olli það landsliðinu og skákhreyfingunni skaða. Í þeim efnum hallar á einhvern hátt á alla hlutaðeigandi án þess að nefndin geri upp á milli þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið.

Nefndin leggur því áherslu á að skákhreyfingin noti tækifærið til að endurskoða rækilega alla þá aðferðafræði sem viðhöfð er við val og undirbúning landsliða til að tryggja megi að í framtíðinni verði gert betur. Þörf er á miklu skýrari ramma utan um þessi mál og að skilgreint verklag verði m.a. fellt inn í keppnis- og agareglur SÍ.

Það er trú nefndarinnar að þær tillögur sem nefndin setur hér fram geti orðið kveikja að endurbótum. Að sama skapi skal ítrekað að krafan um heiðarleg og sanngjörn samskipti og virðingu fyrir einstaklingum verður ætíð að vera í fyrirrúmi, óháð því um hvern er að ræða. Þá kröfu er ekki hægt að binda með beinum hætti í lög heldur er það von nefndarinnar að bæði hreyfingin og hlutaðeigandi einstaklingar læri sem heild af þessu erfiða máli og beri gæfu að gera betur í framtíðinni. Með sama hætti verða einstaklingar að vera tilbúnir til að laga eigin væntingar að hagsmunum heildarinnar og markmiðum hreyfingarinnar, óháð ítrustu persónulegum óskum, og megna að setja sig í spor annarra. Það von okkar að í framtíðinni verði hér fundið betra jafnvægi en verið hefur. Að lokum hvetur nefndin alla hlutaðeigandi til að leita fullra sátta, skákhreyfingunni allri til framdráttar.

8. maí 2013

Jón Þorvaldsson

Kristján Guðmundsson

Andrea Margrét Gunnarsdóttir

Steinþór Baldursson

Þorsteinn Stefánsson

Þorsteinn Þorsteinsson

## VII. Viðaukar

### Viðauki 1

#### Ú R S K U R Ð U R

Hinn 2. nóvember 2012 kom dómstóll Skáksambands Íslands saman í húsakynnum sambandsins að Faxafeni 12, Reykjavík, og tók fyrir kærumál nr. 1/2012:

Héðinn Steingrímsson gegn Skáksambandi Íslands

Dóminn skipa:

Friðjón Örn Friðjónsson, hrl., formaður,  
Jón Rögnvaldsson og Ólafur H. Ólafsson.

Gögn málsins liggja fyrir en þau eru:

- Nr. 1. Kæra dags. 17.09.2012.
- Nr. 2. Greinargerð kæranda (Lýsing á atburðarás).
- Nr. 3. Bréf Gunnars Björnssonar forseta Skáksambands Íslands ódags.
- Nr. 4. Erindi skákdómstólsins dags. 15.10.2012.
- Nr. 5. Greinargerð Skáksambands Íslands dags. 24.10.2012.

Hinn 12. október 2012 kom skákdómstóllinn saman og tók afstöðu til frávísunarkröfu Skáksambands Íslands. Krafan var á því reist að kæruefnið væri óljóst og enn fremur að Skáksamband Íslands ætti ekki aðild að málinu.

Frávísunarkröfunni var hafnað með þeim rökum að ekki léki á því vafi að kæran lyti að þeirri ákvörðun landsliðsnefndar að breyta liðskipan íslensku ólympíusveitarinnar daginn fyrir brottför liðsins til Ístanbúl hinn 27. ágúst sl., þannig að Héðni Steingrímssyni var vísað úr sveitinni.

Landsnefndin heyrir undir Skáksamband Íslands og er það því réttur aðili að málinu.

Skákdómstóllinn ákvað að taka efnislega til úrlausnar, hvort nægjanlegt tilefni og grundvöllur hafi verið fyrir þessari ákvörðun samkvæmt lögum og reglum Skáksambands Íslands. Að mati dómsins standa lögvarðir hagsmunir kæranda til þess að fá úr því skorið.

Þar sem fyrir lá ákvörðun um að taka kærana til efnislegrar úrlausnar var Skáksambandi Íslands gefinn kostur á að skila efnislegri greinargerð í málinu og liggur hún fyrir dags. 24.10.2012.

#### Málsatvik

Í kæru er lýst atvikum eins og þau horfa við kæranda og er vísað til kærunnar og fylgiskjals með henni sem ber yfirskriftina Lýsing á atburðarás.

Kjarni máls er óumdeildur og kom hann m.a. fram í fréttatilkynningu Skáksambands Íslands um málið. Þar segir m.a.:

"upp hafi komið ósættanlegur ágreiningur innan ólympíuliðsins, sem varð þess valdandi að ómögulegt reyndist að senda liðið til keppni í þeirri mynd sem það hafði verið valið."

Ennfremur segir í bréfinu að þetta hafi orðið til þess,

"að landsliðsnefnd að fengnu álit liðstjóra taldi sig því miður tilneydda að draga kæranda út úr liðinu."

Í bréfi Skáksambands Íslands dags. 24. október 2012 er nánar lýst þeim atvikum að á fjáröflunarmóti sem fram fór í Kringlunni hinn 25. ágúst sl. urðu deilur á milli kæranda og annars nafngreinds liðsmanns sveitarinnar. Skáksamband Íslands hafi hins vegar enga afstöðu tekið til þeirrar deilu.

Því er svo lýst í bréfinu að umræddur liðsmaður hafi haft samband við landsliðsþjálfarann og tjáð honum að hann myndi ekki gefa kost á sér í landsliðið vegna hegðunar kæranda. Atvik sem upp kom í Kringluskákmótinu hafi verið það korn sem fyllti mælinn en áður hafi kærandi verið áminntur af landsliðs- og afreksnefnd Skáksambands Íslands þann 3. nóvember 2010 í kjölfar ólympíuskákmóts í Khanty Mansiysk.

Í bréfi Skáksambands Íslands er því lýst að landsliðsnefnd og landsliðsþjálfari hafi ítrekað reynt að ná sáttum með aðilum en án árangurs. Segir svo í bréfinu:

" Landsliðsnefnd ákvað samkvæmt umboði sínu frá stjórn SÍ, að fenginni tillögu frá liðstjóra og þjálfara liðsins, að endurvelja landsliðið, þ.e. að draga Héðinn úr liðinu.....

Umrædd ákvörðun var tekin með heildarhagsmuni liðsins í huga, en byggir í því efni á huglægu mati eins og ætíð er um val á liðum til keppni. Stuðst var við 15. gr. skáklaga SÍ en þar kemur fram að stjórn SÍ velji landslið Íslands hverju sinni. "

#### Niðurstaða

Í samræmi við 1. mgr. 15. gr. skáklaga Skáksambands Íslands (SÍ) velur stjórn SÍ landslið Íslands í skák hverju sinni svo og þátttakendur Íslands í alþjóðlegum mótum á vegum FIDE. Skv. 4. mgr. sömu greinar skal stjórn SÍ fela sérstakri nefnd eða þjálfara að gera tillögu til hennar um skipan landsliðs.

Fyrir liggur að kærandi var valinn í lið Íslands fyrir Ólympíumótið í skák í Ístanbul 2012. Var sú ákvörðun formlega tekin af stjórn SÍ.

Samkvæmt greinargerð Gunnars Björnssonar fyrir hönd SÍ dags. 24.10.2012 tók landsliðsnefnd ákvörðun um breytta liðskipan skv. umboði frá stjórn SÍ.

Fyrir dóminum liggur ekki sérstakt og formlegt umboð stjórnar SÍ til landsliðsnefndar um að gera breytingar á skipan ólympíusveitarinnar.

Að mati landsliðsnefndar komu upp ósættanlegur ágreiningur innan liðsins rétt fyrir brottför þess til keppni. Brást landsliðsnefndin við með þeim hætti sem áður er lýst og breytti skipan liðsins. Var sú ákvörðun tilkynnt með tölvupósti til stjórnar SÍ.

Samkvæmt 15. gr. skáklaga SÍ er það stjórnar SÍ að skipa í landsliðið og af eðli máls leiðir að liðskipan verði aðeins breytt af sama aðila. Áhöld eru að mati dómsins hvort stjórn SÍ geti framselt slíkt vald til landsliðsnefndar, enda felur ákvörðun um að víkja landsliðsmanni úr skáksveitinni í sér íþyngjandi ákvörðun sem taka verður með rökstuddum hætti af þar til bærum aðila. Að mati dómsins þarf a.m.k. að liggja fyrir skýrt umboð frá stjórninni en svo er ekki í máli þessu.

Skákdómstóllinn kallaði sérstaklega eftir rökstuðningi frá Skáksambandi Íslands fyrir þeirri ákvörðun að breyta skipan liðsins. Vísað var sérstaklega til áminningar sem kærandi sætti í kjölfar keppni á ólympíumóti 2010. Að mati dómsins kemur sú áminning ekki til álita við mat á breyttri liðskipan nú, vegna þess að í millitíðinni nánar tiltekið þann 9. júní 2011, valdi stjórn SÍ kæranda í ólympíuliðsveit Íslands til keppni 2012.

Ekki verður ráðið af gögnum þessa máls að háttsemi kæranda að öðru leyti í aðdraganda ólympíufararinnar hafi verið slík að hann hafi gerst brotlegur við 13 gr. laga Skáksambands Íslands eða eitthvað annað hafi réttlætt brottvísun hans úr ólympíusveit Íslands.

Hagsmunir kæranda af því að halda sæti sínu í ólympíusveitinni eru eðli málsins samkvæmt verulegir og brottvikning hans úr liðinu til þess fallin að skaða orðstír hans.

Það er niðurstaða dómstóls Skáksambands Íslands að hvort tveggja hafi skort, form- og efnisskilyrði til brottvikningar kæranda úr ólympíusveit Íslands 2012.

Beinir dómstóllinn því til stjórnar Skáksambands Íslands að í kjölfar þessa úrskurðar verði málið tekið til umfjöllunar á stjórnarfundum og hlutur kæranda réttur að því marki sem hægt er.

#### Úrskurðarorð

Ákvörðun um brottvikningu Héðins Steingrímssonar úr ólympíusveit Íslands í skák 2012 var ekki nægilega rökstudd samkvæmt lögum og reglum Skáksambands Íslands.

Málinu er vísað til Skáksambands Íslands til frekari umfjöllunar.

Í skákdómstól Skáksambands Íslands.

Friðjón Örn Friðjónsson, formaður  
Jón Rögnvaldsson  
Ólafur H. Ólafsson

### **Viðauki 2**

Hinn 16. september 2012 var birt yfirlýsing á Skák.is. Þar segir:

*Stjórn Skáksambands Íslands harmar atvik sem áttu sér stað í aðdraganda Ólympíuskákmótsins og urðu til þess að breytingar voru gerðar á liðinu aðeins degi fyrir mót.*

*Á stjórnarfundum, sem fram fóru 13. september sl., var skipuð nefnd, undir forystu Jóns Þorvaldssonar, sem hefur fengið það verkefni að fara yfir þessi atvik og breytingarnar sem fylgdu í kjölfarið, með það fyrir augum að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.*

### **Viðauki 3**

#### **15. grein skáklaga**

*Stjórn Skáksambands Íslands annast val landsliðs Íslands í skák, (karla-, kvenna- og unglínga-landslið), hverju sinni, svo og þátttakendur Íslands í alþjóðlegum mótum á vegum FIDE.*

*Við val á keppendum og skipan í landsliðssæti skal stjórnin hafa til hliðsjónar alþjóðleg skákstig og árangur skákmanna á nýafstöðnum mótum, enda hafi þeir teflt eigi færri en 80 kappskákir á undanförunum 24 mánuðum. Stjórn S.Í. hefur heimild til að falla frá þessum mörkum við mjög sérstakar aðstæður.*

*Þó skal Skákmeistari Íslands ávallt eiga sæti í landsliði Íslands og rétt til að tefla fyrir Íslands hönd á svæðismóti FIDE.*

*Stjórn S.Í. skal fela sérstakri nefnd eða þjálfara að gera tillögu til hennar um skipan landsliðs. Stjórn S.Í. skal tryggja að skákmenn sem tefla fyrir Íslands hönd í einstaklings- eða liðakeppni og eru sendir á slíkt mót á vegum S.Í. fái viðeigandi þjálfun hjá færum þjálfara eða þjálfurum.*